

## Ólöf Kristín Daníelsdóttir

---

**Frá:** Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norð <ssne@ssne.is>  
**Sent:** föstudagur, 12. maí 2023 11:23  
**Til:** Akureyri - almennt; Dalvíkurbyggð - almennt; Eyjafjarðarsveit - almennt; Fjallabyggð; Grýtubakkahreppur - almennt; Hörgársveit - almennt; Langanesbyggð; Norðurþing - almennt; Svalbarðsstrandarhreppur - almennt; Þingeyjarsveit - almennt  
**Afrit:** Sigríður Ingvarsdóttir; eis@dalvikurbyggd.is; Snorri Finnlaugsson; Ásthildur Sturludóttir; Finnur Yngvi Kristinsson; Hulda Sif Hermannsdóttir; Þórunn Harðardóttir; Pröstur Friðfinnsson; Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir; Katrín Sigurjónsdóttir; Björn Langanesbyggð; Smári Jónas Lúdvíksson  
**Efni:** Tillaga að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036  
**Viðhengi:** Svæðisáætlun Norðurland til samþykktar 230511.pdf; Stöðugreining úrgangsmála á Norðurlandi vorið 2022.pdf  
**Flokkar:** Vistað í OneCRM; 2111026  
**One:** -1

Góðan dag,

Hjálögð er endanleg tillaga að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036 með ósk um að hún verði lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Áætlunin öðlast gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt hana.

Sveitarfélög á starfssvæðum SSV og SSNE, þ.e. Húnaþing vestra, Húnaþing norðaustra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur og Langanesbyggð, hafa unnið sameiginlega að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum. Vinna við gerð áætlunarinnar hefur staðið yfir síðan í janúar 2022 og er hluti af vinnu sveitarfélaganna við aðlögun að nýrri löggjöf og um leið uppfærsla á gildandi svæðisáætlun fyrir tímabilið 2015-2026. Haldinn var stefnumarkandi fundur með kjörnum fulltrúum, starfsfólki sveitarfélaganna og öðrum áhugasömum þann 25. apríl 2022 og var sú vinna nýtt við gerð svæðisáætlunarinnar. Drög að svæðisáætlun voru síðan kynnt fyrir öllum sveitarstjórnnum í september - nóvember 2022 áður en þau voru auglýst og lögð fram til almennrar kynningar.

Almennri kynningu á svæðisáætluninni lauk 31. mars sl. og í framhaldinu var unnið úr þeim athugasemdum sem bárust. Listi yfir athugasemdir og viðbrögð við þeim má finna í kafla 9.11 í áætluninni. Í þessari lokayfirferð var innri uppröðun kafla í áætluninni einnig breytt til að auka áherslu á sameiginlega stefnu sveitarfélaganna í úrgangsmálum. Einnig hefur greining sem gerð var vorið 2022 á stöðu úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum verið felld út úr svæðisáætluninni og er gefin út samhliða. Stöðugreiningin fylgir með svæðisáætluninni til upplýsingar en þarf ekki að leggjast fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Sem fyrr segir öðlast svæðisáætlunin gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt hana. Að því loknu verða samráðsaðilar upplýstir um samþykkt áætlunarinnar og endanleg áætlun gerð aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaga og landshlutasamtakanna tveggja.

Bestu kveðjur,



**Albertína Friðbjörg Elíasdóttir | Framkvæmdastjóri | Managing director**

☎ 464 5400 ☎ 848 4256 | ✉ [albertina@ssne.is](mailto:albertina@ssne.is)

**Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra**

Association of Municipalities in Northeast Iceland

Hafnarstétt 3, 640 Húsavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

[www.ssne](http://www.ssne) | <https://www.facebook.com/SSNordurlandEystra/>